

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341/2001 um geislun matvæla með jónandi geislun.

1. gr.

Viðauki I við reglugerðina orðast svo:

VIÐAUKI 1

1. SKAMMTAMÆLINGAR.

Meðaltals geislaskammtur.

Við mat á heilnæmi matvæla sem hafa verið geisluð með að meðaltali 10 kGy geislaskammti eða lægri má gera ráð fyrir að öll efnafræðileg áhrif vegna geislunar á þessu tiltekna orkusviði séu í réttu hlutfalli við stærð geislaskammtsins.

Meðalgeislaskammtur, $\bar{D}$, er skilgreindur sem tegur heildarmassa matvælnanna:

$$\bar{D} = \frac{1}{M} \int p(x,y,z) d(x,y,z) dV$$

þar sem M = heildarmassi geislaðs sýnis;

p = eðlismassi á staðbundnu svæði (x,y,z) ;

d = geislaskammtur á staðbundnu svæði (x,y,z) ;

$dV = dx dy dz$, hið örsmáa rúmmál sem í raunverulegum tilfellum er lýst með rúmmálsbrotum.

Í einsleitum einingum matvæla og stórum pakkningum með einsleitan eðlismassa má reikna meðaltals geislaskammt með því að framkvæma geislaðsmælingar á lykilstöðum og jafnframt handahófsmælingar í öllu rúmmáli matvælnanna. Út frá slíkum staðalmælingum má reikna dreifingu geislaskammta og fá út meðalgeislaskammt.

Þegar dreifing geislaskammta er þekkt er hægt að áætla staðsetningu hámarks- og lágmarksgeislaskammta. Með því að mæla geislaskammta í þessum punktum í sambærilegum matvælasýnum má áætla meðalgeislaskammt.



Í sumum tilvikum gefa meðalgildi lágmarks- $\bar{D}_{\min}$ (nr_120_2003.doc min) og hámarksgeislaskammts ($\bar{D}_{\max}$) (nr_120_2003.doc max) góða nálgun á meðalgeislaskammti:

$$\text{Meðalgeislaskammtur} \approx \frac{\bar{D}_{\max} + \bar{D}_{\min}}{2}$$

Hlutfall $\frac{\bar{D}_{\max}}{\bar{D}_{\min}}$ má þó ekki vera hærra en 3.

2. AÐFERÐIR.

Staðalmælingar.

- 2.1. Áður en hafist er handa við reglubundna geislun tiltekinnar matvæla á geislunarstöð skal finna þá punkta þar sem hámarks- og lágmarksgeislaskammtar eru með því að framkvæma mælingar í öllu rúmmáli matvælnanna. Mælingarnar skal framkvæma nógu oft (þ.e. 3-5 sinnum) til að taka tillit til frávika í eðlismassa og lögun matvælnanna.
- 2.2. Staðalmælingar skal endurtaka í hvert sinn sem veruleg breyting verður á lögun matvælnanna eða á skilyrðum við geislun á geislunarstöð.
- 2.3. Á meðan á geislun stendur skulu fara fram reglubundnar mælingar til að tryggja að ekki sé geislað umfram leyfilegan hámarksgeislaskammt. Mælingarnar skulu framkvæmdar með því að staðsetja geislaðsmæla í þeim punktum sem ákvarðaðir eru samkvæmt 2.1. eða á öðrum viðmiðunarstöðum. Velja má aðra viðmiðunarpunkta í eða á matvælunum, á aðgengilegum stöðum þar sem frávik eru lítil, ef samband þeirra við fyrrgreinda mælipunkta er þekkt.

- 2.4. Framkvæma skal reglubundnar mælingar með hæfilegum tímafresti á hverri lotu matvæla og við hverja geislun.
- 2.5. Þegar geisluð eru óinnpökkuð fljótandi matvæli er ekki hægt að staðsetja lágmarks- og hámarksgeislaskammta. Þá er árangursríkara að staðsetja mælipunkta af handahófi til að staðfesta hámarks og lágmarksgildi.
- 2.6. Mælingar á skammtastærðum skal framkvæma með kvörðuðum geisla mælingabúnaði og niðurstöður skal byggja á samanburði við viðurkennda frumstaðla.
- 2.7. Á meðan á geislun stendur skal vera hægt að stýra ákveðnum breytum í geislunarstöð og þær skulu skráðar að staðaldri. Þegar notaðar eru geislavirkar samsætur skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvælnna, tími í geislasviði og staðfesting á rétttri staðsetningu geislalindar.
- Þegar notaðar eru rafeindir eða röntgengeislar skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvælnna, orka geislunar, rafstraumur og vidd skanna.

VIÐAUKI 2

Matvæli sem meðhöndla má með jónandi geislum og hámarks leyfilegir geislaskammtar.*

Matvæli	Hámarks leyfilegur geislaskammtur (kGy)
Þurrkaðar kryddjurtir, krydd og grænmetiskrydd	10

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipanir 2/1999 og 3/1999).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 31. desember 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.*Ingimar Sigurðsson.***Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.